

Umhverfisstofnun
Sigrún Ágústsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. apríl 2012
2012040004/42-0
TB,KPM
jgo/tb

Rannsókn á erfðabreyttu bóluefni, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 4. apríl sl. (gögn bárust 11. apríl), þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsókn (BNIT-PRV-301) á erfðabreyttu bóluefni í samræmi við lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.


Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir gögn málsins. Náttúrufræðistofnun hefur fyrst og fremst skoðað þetta mál m.t.t. þess hvort möguleikar séu á því að íslensk náttúra geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna framangreindra rannsókna en heilbrigðismál falla ekki undir hlutverk stofnunarinnar. Í gögnum málsins kemur fram að möguleiki er á ýmsum aukaverkunum og að möguleiki er á að „bóluefnið“ geti borist á milli manna eða frá mönnum í dýr þó ekki séu taldir miklir möguleikar á því. Þó taldar séu hverfandi líkur á því að smit geti borist t.d. í hæsnfugla (rjúpa er t.d. hæsnfugl) þá telur stofnunin að koma eigi fram í skilyrðum fyrir leyfisveitingu að ekki eingöngu eigi að forðast nána snertingu þátttakanda í rannsókninni við fólk heldur einnig dýr, sérstaklega fugla, hvort sem um er að ræða villta fugla eða alifugla. Eins og kemur fram í gögnum málsins verður fyllstu varúðar gætt að öllu leyti hvað snertir aðstæður, búnað og starfsfólk, og farið eftir þeim reglum sem um þessa tegund af rannsóknum gilda.

Á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram um eiginleika þess bóluefnis sem notað verður í rannsókninni og að því tilskyldu að farið verði eftir reglum sem við eiga og að eftirlit með rannsókninni verði með eðlilegum hætti sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að leggjast gegn því að leyfi til framangreindra rannsókna verði veitt.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

